

# Skipulagsskrá fyrir Kirkjumiðstöð Austurlands

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Kirkjumiðstöð Austurlands, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 10. júní 1985

## 1. gr.

Stofnunin heitir Kirkjumiðstöð Austurlands og er sjálfseignarstofnun og rekur Kirkjumiðstöð fyrir Austurland á eigin ábyrgð fyrir ýmsa starfsemi á vegum Þjóðkirkjunnar á Austurlandi, svo sem sumarbúðir ungmenna, mót, námskeið og orlofsdvalir. Stofnunin yfirtekur og eignast byggingu sem er í smíðum við Eiðavatn undir umsjón Prestafélags Austurlands, sbr. sérsamning um eignayfirtöku (afsal). Er þessi bygging afhent skuldlaus og án allra kvaða.

## 2. gr.

Starfsemi Kirkjumiðstöðvarinnar miðar að eflingu kirkjulegs starfs á Austurlandi og aukinni samvinnu safnaðanna, þannig að söfnuðir Þjóðkirkjunnar á Austurlandi fái betur rækt hlutverk sitt við boðun fagnaðarerindisins og þjónustu við samfélagið. Markmiði þessu hyggst stofnunin ná með því að starfrækja kirkjumiðstöð.

## 3. gr.

Tekjur Kirkjumiðstöðvarinnar eru framlög einstaklinga, félaga og stofnana og hugsanlegar tekjur af eigin rekstri og útgáfustarfsemi.

## 4. gr.

Í stjórn stofnunarinnar eru kjörnir 5 menn. Héraðsfundur Múlaprófastsdæmis og héraðsfundur Austfjarðaprófastsdæmis kjósa hvor um sig 2 menn og 1 maður er kosinn af Prestafélagi Austurlands. Sömu aðilar kjósa jafn marga varamenn. Eru stjórnarmenn kosnir til 2ja ára í senn.

## 5. gr.

Fulltrúi Prestafélags Austurlands kallar nýskipaða stjórn saman, en síðan skiptir hún sjálf með sér verkum. Stjórnin annast rekstur Kirkjumiðstöðvarinnar. Hún skilar árlega skýrslu til beggja héraðsfundanna og aðalfundar P.A.

## 6. gr.

Stjórnin skal halda gjörðabók þar sem ákvarðanir hennar eru færðar, svo og framlög aðila. Stjórnin skal á hverjum tíma ávaxta fé stofnunarinnar með bestu fánlegum kjörum.

## 7. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið og skulu reikningar endurskoðaðir af tveim endurskoðendum, öðrum löggiltum, sem tilnefndir eru af biskupi og kirkjumálaráðherra.

## 8. gr.

Komi til þess að stofnunin verði lögð niður, renna eignir hennar til prófastsdæmanna á Austurlandi (M. og A.). Ef ágreiningur rís varðandi ráðstöfun eigna eða túlkun skipulagsskrár skal kirkjuráð skipa úrskurðaraðila.

## 9. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema með samþykki héraðsfunda beggja prófastsdæmanna og aðalfundar P.A.

## 10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.